



Þingskjal 441 – 355. mál.

Akureyri 21. janúar 2021

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar vegna frumvarps til laga um Barna og fjölskyldustofu.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, mál nr. 355.

Löngu er tímabært að aðskilja eftirlit með velferðarþjónustu frá ráðgjöf og rekstri sbr. tillögur nefndar um endurskoðun stjórnarsýslu ríkisins á sviði félagsþjónustu og barnaverndar (maí 2016) og margs konar vinnu og álit eftir það. Samkvæmt ofangreindum tillögum var gert ráð fyrir breiðri þjónustustofnun sem tæki til félagsþjónustu, barnaverndar, málefna fatlaðs fólks, aldraðra, innflytjenda og fl. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki hafi verið stigið þetta skref heldur sé lagt til að hin nýja Barna og fjölskyldustofa sinni einungis þjónustu við börn og barnafjölskyldur. Gera verður þá kröfu að frumvarpið sjálft endurspegli þetta þ.e. að stofnunin sinni ekki bara börnum heldur fjölskyldum þeirra einnig og enn fremur en ekki síst að stofnunin sinni öllum börnum hverjar sem aðstæður þeirra eru s.s. fötluðum börnum, börnum innflytjenda, börnum á flóttu o.s.frv.

Í 3. gr. frumvarpsins er ákvæði um að Barna og fjölskyldustofa skuli hafa samstarf við Greiningar- og ráðgjafarstöð og þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Bent er á að einnig þarf að vera ákvæði sem tryggir samráð við sveitarfélögin sem þjónustuveitendur.

Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk Barna og fjölskyldustofu viðamikil varðandi ráðgjöf, stuðning og fræðslu til þeirra sem eru á vettvangi og veita þjónustu til barna og barnafjölskyldna. Það er vel en einnig er mikilvægt að fram komi með skýrum hætti hvaða þjónustu (úrræði) Barna og fjölskyldustofa á að hafa með höndum samkvæmt lögum.

Í þessu samhengi má nefna að um árabíl hefur verið skortur á sérhæfðum úrræðum fyrir börn með mikinn vanda s.s. geð og þroskaraskanir og brýnt að bætt verði úr þeim skorti.

Gagnagrunnar

Skv. 5. gr. frumvarpsins er Barna og fjölskyldustofu heimilað að starfrækja gagnagrunna og stafrænar lausnir vegna verkefna stofnunarinnar. Mikilvægt er að við smíði og starfrækslu gagnagrunna sé horft til þess að ekki sé verið að búa til íþyngjandi verkefni á sveitarfélögin, mögulega með tvískráningum. Þvert á móti þarf þessi vinna að létta á sveitarfélögunum og bæta alla yfirsýn.

Gjald fyrir þjónustu

Samkvæmt 9. gr. c) lið er gert ráð fyrir því að Barna og fjölskyldustofu verði heimilt að taka gjald fyrir þau sérstöku verkefni sem stofnunin sinnir. Væntanlega er þar átt við þau úrræði sem Barnaverndarstofa hefur rekið eða sambærilegt. Gerð er athugasemd við þetta og bent á að með gjaldtöku, þó svo að hún sé bundin við kostnað af viðkomandi verkefni, er verið að bjóða heim þeirri hættu að ójafnræði skapist á milli íbúa landsins til þjónustunnar þar sem minni sveitarfélög gætu átt í erfiðleikum með að greiða fyrir hana. Þannig gætu skapast aðstæður þar sem fjárhagsleg sjónarmið ráða för en ekki þarfir barns fyrir þjónustu. Einnig má benda á að ef horft er til stigskiptingar þjónustu, sbr. frumvarp um samþættingu, þá myndu þessi úrræði flokkast sem 3. stigs þjónusta en sú þjónusta hefur almennt verið talin á hendi ríkisins.

Virðingarfyllt

f.h. Akureyrarbæjar



Guðrún Sigurðardóttir sviðsstjóri